

Sameiginlegir skilmálar HÍ og LSH um réttindi og skyldur nemenda

Í samræmi við samstarfssamning Landspítala og Háskóla Íslands tekur spítalinn við nemendum í heilbrigðisvísindagreinum og veitir aðstöðu til klínískrar kennslu, þ.e. kennslu sem byggist á skoðun og meðferð sjúklinga, auk samskipta og upplýsinga sem tengjast sjúklingum. Klínísk kennsla tekur hvort tveggja til sjúklinga er liggja á sjúkrahúsinu og göngudeildarsjúklinga.

Um klínískt nám á spítalanum gilda eftirfarandi skilyrði:

Aðgangur að þjónustu o.fl.

Nemandi í [heilbrigðisvísindagrein] sem stundar klínískt nám á LSH nýtur **tiltekinna** réttinda meðan á náminu stendur. Þessi réttindi fær nemandinn með sömu skilmálum og starfsmenn spítalans. Um er að ræða:

- Aðgang að mötuneytum LSH og almennri aðstöðu starfsfólks á þeim deildum þar sem þeir stunda klínískt nám.
- Afnot af vinnufatnaði og læsanlegum fataskápum
- Afnot af bílastæðum
- Aðgang að bókasöfnum
- Aðgang að fræðslu sem LSH stendur fyrir innan spítalans
- Aðgang að nýsigagnagerð og upplýsingaþjónustu LSH, enda liggi fyrir heimild til þess að bókfæra kostnað vegna þjónustunnar.

Aðgangur að almennri heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu LSH fellur ekki undir þessa skilmála.

Skyldur nemenda

Nemandi í [heilbrigðisvísindagrein] sem stundar klínískt nám á LSH skal bera auðkenniskort, undirrita þagnarheit, fara í heilbrigðiseftirlit með sama hætti og þeir sem ráðnir eru til starfa á LSH og uppfylla aðrar hliðstæðar kröfur sem gerðar eru til starfsmanna LSH.

Samningsbundin réttindi

Nemandi í [heilbrigðisvísindagrein] sem stundar klínískt nám á LSH, en er **jafnframt** starfsmaður spítalans fær laun og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga. Það fer eftir ákvæðum einstakra samninga hver þessi samningsbundnu réttindi eru, en ráðningarsamningur er gerður hverju sinni.

Ábyrgð gagnvart sjúklingum

Nemandi í [heilbrigðisvísindagrein] sem stundar klínískt nám á LSH, ber ábyrgð á því að fara ævinlega að fyrirmælum þeirra starfsmanna spítalans eða háskólans sem hverju sinni koma að klínískri kennslu og tengdri þjónustu við sjúklinga. Þá skal nemandinn ætíð koma fram við sjúklinga í samræmi við siðareglur þess starfs sem hann er að mennta sig til.

Ákvæði laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 gilda um nemandann meðan á klínísku námi hans stendur, enda er þátttaka hans í þjónustu við sjúklinga á ábyrgð

Þeirra starfsmanna spítalans og háskólans sem leiðbeina honum hverju sinni. Helstu ákvæði laganna eru tekin upp í fylgiskjali.

Bólusetningar og öryggisráðstafanir

Nemandi í [heilbrigðisvísindagrein] skal hafa verið bólusettur gegn lifrabólgu B áður en hann hefur klínískt nám á LSH. Þá skal farið að tilmælum Sóttvarnarlæknis svo sem í gildi eru á spítalanum hverju sinni. Hafi nemandinn starfað á sjúkrastofnun erlendis síðastliðna tólf mánuði ber honum að fara í MÓSAræktun og viðeigandi mótetnamælingar til öryggis fyrir sjúklinga og starfsfólk spítalans.

Nemandinn undirgengst annars þær öryggisráðstafanir sem almennt gilda um starfsmenn spítalans á hverjum tíma. Verði nemandinn fyrir stunguóhappi eða öðrum atvikum innan veggja LSH sem geta haft áhrif á heilsu hans ber honum að tilkynna það samkvæmt gildandi reglum LSH. Sama gildir ef nemandinn er valdur að atvikum sem geta haft neikvæð áhrif á heilsu samstarfsmanna eða sjúklinga.

Ráðstafanir sem gripið er til vegna slíkra óhappa eru nemandanum að kostnaðarlausu.

Tryggingamál

Frá og með 1. janúar 2004 er nemandi í [heilbrigðisvísindagrein] sem stundar klínískt nám á LSH, slysatryggður skv. III. kafla laga um almannatryggingar. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila, en hann er eindregið hvattur til þess að íhuga stöðu sína og þá vernd sem einkavátryggingar veita. Tryggingafélög bjóða nemendum tryggingar í námi.

Þagnarheit

Með undirritun sinni á þessa skilmála staðfestir nemandinn að honum er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í námi eða starfi á LSH og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi, náminu lokið eða því hætt. Öll vitneskja um sjúklinga, sjúkdóma þeirra og meðferð er að sjálfsögðu háð þagnarskyldu.

Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér ákvæði eftirfarandi laga og reglna:

Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997

Sjá einkum 11. gr. *Þátttaka í þjálfun og kennslu nemenda:* „Skýra ber sjúklingi frá því ef fyrirhugað er að nemendur á heilbrigðisviði verði viðstaddir meðferð á honum vegna þjálfunar og kennslu þeirra. Sjúklingur getur neitað að taka þátt í slíkri þjálfun og kennslu.“

Lög um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum

Sjá III. kafla um slysatryggingar einkum 24. gr.: „Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru: [...] háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum þegar þeir sinna verklegu námi.“ Gildistaka 1. janúar 2002.

Lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000

Sjá einkum 1., 2., 8. og 9. gr.